FEL 06080004

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 68. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1982.

Sextugasta og áttunda þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 2.—23. júní 1982. Þingið sóttu yfir 1800 manns frá 138 aðildarríkjum stofnunarinnar en þau voru þá 145.

Heiðursgestir á þessu þingi voru Mitterand forseti Frakklands og Jóhannes Páll II páfi. Fluttu þeir báðir ræðu á sérstökum hátíðafundum.

Forseti þingsins var Alfonso Grados Bertorini vinnumálaráðherra Perú.

Af Íslands hálfu sóttu þetta þing dr. Hannes Jónsson sendiherra og Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar, og Kristín Mäntilä skrifstofustjóri sem fulltrúi launafólks. Þórarinn Þórarinsson lögfræðingur var tilnefndur sem fulltrúi atvinnurekenda en gat ekki sótt þingið vegna anna.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar og forstjóra.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.
4. Tryggingaréttindi erlendra starfsmanna (síðari umræða).
5. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.
6. Endurhæfing til starfa (almenn umræða).
7. Endurskoðun Samþykktar nr. 110 og tillögu nr. 110 frá 1958 um vinnuskilyrði á plantekrum.
8. Skýrsla frá starfshópi um skipulagsmál ILO.

Auk framangreindra dagskrármála var fjallað um tillögur til ályktana og aðskilnaðarstefnu stjórnar Suður-Afríku.

Skýrsla stjórnar og forstjóra.

Auk greinargerðar um starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári fjallaði skýrslan að þessu sinni um æskuna og atvinnulífið, en undir þessum dagskrárlið fara fram hinar almennu umræður á þinginu. Alls tóku til máls um 200 manns og var nálægt helmingur þeirra ráðherrar frá hinum ýmsu aðildarríkjum.

Umræðum þessum lauk með ræðu forstjórans Blanchard. Í upphafi ræðu sinnar talaði hann um þá spennu sem ríkti í alþjóðlegum samskiptum og hefði haft slæm áhrif á starfsemi þessa þings á nokkrum sviðum. Þá ræddi hann um heimsókn páfa og áskorun hans um samstöðu í atvinnulífinu, en páfi hafði í ræðu sinni lagt áherslu á nauðsyn slíkrar samstöðu í sem víðtækustum skilningi. Forstjórinn bauð velkomin 7 ný ríki sem gerst höfðu meðlimir í ILO. Blanchard skýrði frá því að alls hefðu 1865 manns tekið þátt í störfum þessa þings og væri þetta fjölmennasta þing ILO til þessa. Af þessum fjölda voru 131 kona, 14 þeirra fulltrúar og 117 ráðgjafar. 110 ráðherrar sóttu þingið og flestir þeirra tóku þátt í almennum umræðum. Hann vakti athygli á þeirri leiðu staðreynd að sum aðildarríki bregðast þeirri skyldu sinni að senda til þings nefndir skipaðar í samræmi við ákvæði stofnskrár ILO.

Forstjórinn lýsti ánægju sinni yfir því að svo margir ræðumanna hefðu fjallað um aðalefni skýrslu hans, æskan og atvinna, en það sýndi að þetta væri vandamál hvarvetna, bæði í þróuðum löndum sem vanþróuðum. Allir ræðumenn hefðu lagt áherslu á að nauðsynlegur þáttur í hinni almennu stjórnarstefnu væri að auka atvinnumöguleika ungs fólks í bráð og lengd. Í þessu sambandi ræddi forstjórinn um nauðsyn þess að samfélagið tryggði æskufólki ákveðin lágmarksréttindi að því er varðar möguleika til menntunar, þjálfunar, atvinnu og tekna. Hann lét í ljós von um að sérhvert ríki gerði þessa hugmynd að veruleika þannig að á alþjóðlegu ári æskunnar 1985 verði hægt að sýna fram á verulegan árangur á þessu sviði.

Forstjórinn ræddi einnig almennt um mannréttindamál og í því sambandi gerði hann grein fyrir framlagi ILO í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnu stjórnar Suður-Afríku. Hann gat einnig um að ILO bærist fjöldi af kærum um brot á réttindum stéttarfélaga. Þessar kærur taldi hann bera vott um að menn treystu ILO til þess að vinna gegn slíkum brotum og stuðla að eðlilegri starfsemi stéttarfélaga. Hann lagði þó áherslu á það að ILO væri ekki dómstóll heldur samtök sem leitast við að veita mikilvæga aðstoð og leiðbeiningar.

2. Fjárhagsmálefni.

Fjárhagsnefnd er skipuð einum stjórnarfulltrúa frá hverju aðildarríki og er hún eina nefnd þingsins sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga ekki sæti í.

Fjárhagsáætlun er jafnan gerð fyrir tvö ár í senn. Síðasta áætlun var fyrir árin 1982—83. Á þessu þingi var því ekki rædd fjárhagsáætlun, en lagðir voru fram endurskoðaðir reikningar fyrir tímabilið 1980—81, gerð breyting á reglugerð um eftirlaunasjóð, ákveðin framlög nýrra aðildarríkja o. fl.

Framlög Norðurlanda árið 1983 voru sem hér segir:

Danmörk	0,73%	900.700 dollarar
Finnland	0,47%	579.909 dollarar
Ísland	0,03%	37.016 dollarar
Noregur	0,49%	604.585 dollarar
Svíþjóð	1,30%	1.604.002 dollarar

3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Samkvæmt stofnskrá ILO er aðildarríkjum skylt að leggja samþykktir Alþjóðavinnumálaþings fyrir handhafa löggjafarvalds síns. Svo er þeim og skylt að gefa skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt svo og um málefni ófullgiltra samþykkta eftir því sem óskað er.

Nefnd sérfræðinga athugar allar þessar skýrslur og eru greinargerðir hennar lagðar fyrir þingið. Sérstök þingnefnd fjallar síðan um málið.

Ávallt er nokkur misbrestur á því að aðildarríkin fullnægi skyldum sínum í þessu efni. Alvarlegustu tilvikin sem um var fjallað að þessu sinni vörðuðu Chile og Pólland.

Í nefndarálitinu segir að Chile vanræki stöðugt að framfylgja fullgiltum samþykktum. Einkum sé um að ræða alvarleg brot á Samþykkt nr. 111 um mismunun í sambandi við atvinnu eða störf og ekki sé neitt gert til úrbóta í því efni.

Mestar umræður í nefndinni urðu þó um ástandið í Póllandi og þær skerðingar á félagafrelsi sem þar áttu sér stað. Var mikill meirihluti nefndarinnar þeirrar skoðunar að í Póllandi væru gróflega brotin ákvæði Samþykktar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Þegar nefndarálitið svo kom fyrir þingið urðu enn um það harðar umræður einkum vegna þess sem þar sagði um Pólland. Var síðan krafist atkvæðagreiðslu og fór hún á þann veg að nefndarálitið var ekki samþykkt vegna ónógrar þátttöku þ. e. of margir sátu hjá. Er

þeirri aðferð tíðum beitt við að fella mál. Reglur mæla svo fyrir að samanlagður fjöldi atkvæða með og móti þurfi að ná ákveðinni tölu hverju sinni til þess að atkvæðagreiðsla sé gild. Við umrædda atkvæðagreiðslu féllu atkvæðin þannig að 230 sögðu já, 3 sögðu nei og 173 sátu hjá. Nauðsynleg þátttaka var 241 þannig að 8 vantaði til þess að atkvæðagreiðslan væri gild. Var þessi niðurstaða talin gott dæmi þess hve þessi regla er óhentug.

Þetta mun hafa verið í fyrsta skipti sem álit þessarar þingnefndar er ekki samþykkt á þingfundi.

4. Tryggingaréttindi erlendra starfsmanna.

Þetta mál var nú til síðari umræðu og var afgreitt í formi samþykktar. Samþykkt þessi miðar að því að tryggja það að fólk sem flyst milli landa glati ekki þeim tryggingaréttindum sem það hefur áunnið sér í landinu sem það flyst frá.

Samþykktin skiptist í sjö kafla.

Fyrsti kaflinn hefur að geyma almenn ákvæði svo sem skýringu á hugtökum og ákvæði um gildissvið samþykktarinnar bæði um það til hvaða greina trygginga og hvaða manna hún taki o. fl.

Í öðrum kaflanum eru reglur um það eftir hvaða löggjöf skuli farið varðandi þá menn sem samþykktin tekur til. Er svo fyrir mælt að þetta atriði skuli ákveðið með samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja, sem gerðir eru í samræmi við ákveðnar reglur.

Þriðji kaflinn fjallar um ráðstafanir til þess að menn sem flytjast milli landa glati ekki þeim áfanga sem þeir hafa náð til þess að öðlast réttindi í þeim greinum almannatrygginga, sem samþykktin tekur til. Þessar greinar eru læknishjálp, sjúkrabætur, fæðingarbætur, örorkubætur, ellibætur, eftirlifendabætur, bætur fyrir atvinnuslys og atvinnusjúkdóma, atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur.

Í fjórða kaflanum eru ákvæði sem eiga að tryggja það að menn fái greiddar þær tryggingabætur, sem þeir hafa öðlast rétt til, hvar svo sem þeir eru búsettir. Gert er ráð fyrir samningum milli ríkja um framkvæmd þessara ákvæða. Sér í lagi er kveðið á um það að aðildarríki semji um greiðslu bóta sem ekki eru háðar iðgjaldi.

Fimmti kaflinn hefur að geyma ákvæði um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda og stofnana við framkvæmd ákvæða samþykktarinnar. Þar eru og ákvæði til hagræðis fyrir bótaþega í sambandi við umsóknir um bætur og greiðslu þeirra.

Í sjötta kaflanum eru ákvæði um endurgreiðslu milli ríkja á veittum bótum, yfirfærslu bóta o. fl.

Í sjöunda kaflanum eru svo ákvæði til bráðabirgða og ákvæði um gildistöku, uppsagnir o. fl.

Samþykkt þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal I.

5. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Um þetta mál var fjallað á þingunum 1962 og 1963 og það afgreitt í tillöguformi. Á fundi sínum í nóvember 1979 ákvað stjórnin að taka málið upp að nýju og var það til fyrri umræðu á þinginu 1981. Á þinginu 1982 fór svo fram síðari umræða og var málið þá afgreitt með samþykkt og tillögu.

Þessum gjörningum er ætlað að sporna við því að atvinnurekendur geti sagt starfsfólki sínu upp störfum án fullgilds tilefnis.

Samþykktin skiptist í fjóra kafla.

Í fyrsta kaflanum er svo kveðið á, að ákvæðum samþykktarinnar skuli framfylgja með lögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem það er ekki gert með kjarasamningum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða öðrum hætti í samræmi við venju í landinu. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks. Heimilt er þó að gera tilteknar

undantekningar um ákveðna hópa launafólks, en jafnan skal það gert í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks.

Annar kaflinn fjallar um ýmis atriði í sambandi við uppsögn starfs. Þar segir að starfsmanni skuli ekki sagt upp starfi nema fyrir liggi gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns eða rekstrarlegar ástæður fyrirtækisins. Greind eru nokkur atriði sem ekki geta talist gild sem ástæða til uppsagnar.

Jafnan skal starfsmanni gefinn kostur á að verja sig gegn þeim aðfinnslum sem hann sætir. Hann skal og eiga rétt til áfrýjunar uppsagnar, sem hann telur óréttmæta og með ákveðnum hætti skal sjá til þess að sönnunarbyrði þess að uppsögn hafi verið óréttmæt hvíli ekki eingöngu á starfsmanni. Ef uppsögnin reynist óréttmæt en um endurráðningu er ekki að ræða skal úrskurða starfsmanni hæfilegar bætur eða aðra aðstoð sem eðlileg kann að teljast.

Starfsmaður skal eiga rétt á hæfilegum uppsagnarfresti eða bótum í hans stað nema hann sé sekur um alvarlega yfirsjón.

Að síðustu er svo í þessum kafla fjallað um bætur vegna atvinnumissis og aðra tekjutryggingu.

Í þriðja kaflanum eru ákvæði um uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum. Þar er kveðið á um skyldu atvinnurekanda til þess að gefa trúnaðarmönnum starfsfólks með góðum fyrirvara upplýsingar um væntanlegar uppsagnir og ástæður til þeirra. Einnig ber að gefa trúnaðarmönnum kost á viðræðum um ráðstafanir til þess að afstýra slíkum uppsögnum eða draga úr þeim. Einnig eru í þessum kafla ákvæði um skyldu atvinnurekanda til þess að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi fyrirhugaðar uppsagnir.

Í fjórða kafla samþykktarinnar eru svo venjuleg ákvæði um gildistöku, uppsagnir o. fl.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II.

Tillagan sem gerð var fjallar um sama efni og samþykktin en hún hefur að geyma ýtarlegri ákvæði og gerir í sumum tilvikum meiri kröfur en í samþykktinni felast.

Tillagan er prentuð hér með sem fylgiskjal III.

6. Endurhæfing til starfa.

Á fundi sínum í nóvember 1981 ákvað stjórn ILO að taka þetta mál á dagskrá þingsins 1982 til fyrri umræðu. Um endurhæfingu var gerð tillaga á þinginu 1955 og þótti nú tímabært að taka málið fyrir á ný vegna þeirrar þróunar og breytinga á viðhorfum sem átt hafa sér stað síðan sú tillaga var samþykkt.

Á þessu þingi 1982 var lögð fram skýrsla sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið og hafði hún að geyma frumdrög að texta væntanlegrar samþykktar eða tillögu. Á þessum frumdrögum gerði þingið nokkrar breytingar og var samþykkt að taka málið fyrir á næsta þingi til endanlegrar afgreiðslu.

Á þinginu 1983 var svo gerð bæði samþykkt og tillaga um endurhæfingu og verður gerð grein fyrir þeim í skýrslu um það þing.

7. Endurskoðun samþykktar og tillögu um vinnu á plantekrum.

Þessi samþykkt og tillaga voru gerðar á þinginu árið 1958. Sú endurskoðun sem nú fór fram á þessu þingi varð til þess að samþykkt var bókun sem viðauki við samþykktina.

8. Skipulagsmál ILO.

Gert hafði verið ráð fyrir því að starfshópur sá sem unnið hefur að endurskoðun skipulagsmála ILO um nokkurra ára skeið mundi hafa lokið störfum og geta lagt endanlegar tillögur sínar fyrir þetta þing. Ekki gat þó af því orðið og var umboð starfshópsins framlengt til næsta þings.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 157 um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 68. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1982 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þeirra aðalreglna sem settar eru í Samþykktinni um jafnrétti (almannatryggingar), 1982, sem varða ekki einungis jafnrétti heldur einnig viðhald áunninna réttinda og réttinda sem verið er að ávinna, og

álítur nauðsynlegt að setja reglur um beitingu reglnanna um viðhald réttinda sem verið er að ávinna og áunninna réttinda varðandi allar þær greinar almannatrygginga sem samþykktin um félagslegt öryggi (lágmarksákvæði), 1952, tekur til, og

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi viðhald tryggingaréttinda erlendra starfsmanna (endurskoðun Samþykktar nr. 48), sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag 21. júní 1982 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um viðhald tryggingaréttinda, 1982:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessari samþykkt:

a. merkir hugtakið „aðildarríki" hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem bundið er af þessari samþykkt;
b. tekur hugtakið „löggjöf" til hvers konar reglna um almannatryggingar auk laga og reglugerða;
c. merkir hugtakið „hlutaðeigandi aðildarríki" það aðildarríki samkvæmt hvers löggjöf hlutaðeigandi maður getur krafist styrkja;
d. merkir hugtakið „stofnun" þann aðila eða stjórnvald, sem ber ábyrgð á framkvæmd löggjafar aðildarríkisins að nokkru eða öllu leyti;
e. hefur hugtakið „flóttamaður" þá merkingu sem því er gefin í 1. grein Samþykktarinnar um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og 2. málsgrein 1. greinar Bókunar um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967;
f. hefur hugtakið „ríkisfangslaus maður" þá merkingu sem því er gefin í 1. grein Samþykktarinnar um ríkisfangslausa menn frá 28. september 1954;
g. merkir hugtakið „skyldmenni" fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem skyldmenni eða heimilisfólk sem slíkt samkvæmt þeirri löggjöf sem bætur eru greiddar eða veittar eftir, eftir því sem við á, eða fólk sem ákvarðað er með gagnkvæmum samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja; þegar fólk er skilgreint eða viðurkennt sem skyldmenni eða heimilisfólk samkvæmt viðeigandi löggjöf einungis með því skilyrði að það búi með hlutaðeigandi manni þá skal þessu skilyrði talið fullnægt að því er tekur til fólks sem fær aðalframfæri sitt frá hlutaðeigandi manni;
h. merkir hugtakið „eftirlifendur" það fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem slíkt samkvæmt þeirri löggjöf sem bætur eru veittar eftir; þegar fólk er skilgreint eða viðurkennt sem eftirlifendur samkvæmt viðeigandi löggjöf einungis með því skilyrði að það hafi búið með hinum látna þá skal þessu skilyrði talið fullnægt að því er tekur til fólks sem fékk aðalframfæri sitt frá hinum látna;
i. merkir „búseta" venjulega búsetu.
j. merkir hugtakið „tímabundin búseta" tímabundna dvöl;

k. merkir hugtakið „tryggingatímabil“ tímabil iðgjaldagreiðslu, starfs, atvinnustarfsemi eða búsetu, sem eru skilgreind eða viðurkennd sem tryggingatímabil samkvæmt þeirri löggjöf sem þau miðast við, svo og þau tímabil önnur sem samkvæmt þessari löggjöf eru talin jafngilda tryggingatímabilum;
l. merkja hugtökin „tímabil starfs“ og „tímabil atvinnustarfsemi“ tímabil sem skilgreind eru eða viðurkennd sem slík samkvæmt þeirri löggjöf, sem þau miðast við svo og þau tímabil önnur sem í þeirri löggjöf eru talin jafngilda tímabilum starfs eða atvinnustarfsemi eftir því sem við á;
m. merkir hugtakið „búsetutímabil“ þau búsetutímabil sem skilgreind eru eða viðurkennd sem slík samkvæmt þeirri löggjöf sem þau miðast við;
n. á hugtakið „iðgjaldsfrí“ við bætur sem eru veittar án þess að þær byggist á beinum framlögum frá hinum tryggðu eða atvinnurekanda þeirra, eða á rétthæfingarskeiði í atvinnustarfsemi, einnig á það við hvert það kerfi sem eingöngu veitir slíkar bætur;
o. tekur hugtakið „bætur veittar samkvæmt bráðabirgðareglum“ til bóta sem veittar eru mönnum sem komnir eru yfir ákveðinn aldur þegar viðkomandi löggjöf gekk í gildi svo og bóta sem veittar eru sem bráðabirgðaráðstöfun með tilliti til atvika sem skeð hafa eða tímabila sem uppfyllt hafa verið utan núverandi landamæra aðildarríkis.

2. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 1. málsgreinar og 3. málsgreinar a-lið í 4. grein tekur þessi samþykkt til þeirra af eftirtöldum greinum almannatrygginga sem gildandi lög í aðildarríki taka til:

a. læknishjálp;
b. sjúkrabætur;
c. fæðingarbætur;
d. örorkubætur;
e. ellibætur;
f. eftirlifendabætur;
g. atvinnuslysabætur, sem sé bætur vegna atvinnuslysa og atvinnusjúkdóma;
h. atvinnuleysisbætur; og
i. fjölskyldubætur.

2. Þessi samþykkt tekur til styrkja til endurhæfingar sem veittir eru með löggjöf varðandi hvern þeirra þátta almannatrygginga, sem nefndir eru í 1. málsgrein þessarar greinar.

3. Þessi samþykkt tekur til allra almennra og sérstakra kerfa almannatrygginga hvort sem til þeirra eru greidd iðgjöld eða ekki, svo og kerfa sem byggjast á skyldukvöðum sem lagðar eru á atvinnurekendur með löggjöf varðandi hvern þátt almannatrygginga sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar.

4. Þessi samþykkt tekur ekki til sérstakra kerfa fyrir opinbera starfsmenn, sérstakra kerfa fyrir fórnarlömb styrjalda eða til kerfa fyrir félagslega aðstoð til bágstaddra eða sjúkra.

3. gr.

1. Ef ekki leiðir annað af ákvæðum í 1. málsgrein og 3. málsgrein b-lið, 4. grein og 1. málsgrein 9. greinar, tekur þessi samþykkt til manna sem eru eða hafa verið háðir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja svo og til skyldmenna þeirra og eftirlifenda. Þetta gildir í öllum þeim tilvikum þar sem hið alþjóðlega kerfi fyrir viðhald réttinda krefst þess að tillit sé tekið til löggjafar aðildarríkis annars en þess aðildarríkis í hvers landi hlutaðeigandi menn hafa búsetu eða tímabundna búsetu.

2. Þessi samþykkt krefst þess ekki að aðildarríki láti reglur sínar taka til manna sem samkvæmt alþjóðlegum gjörningum eru undanþegnir löggjöf þess aðildarríkis.

4. gr.

1. Aðildarríki geta fullnægt skyldum sínum samkvæmt II. til VI. kafla þessarar samþykktar með tvíhliða eða fjölhliða gjörningum sem gera þessar skyldur gildandi með þeim skilyrðum sem ákvörðuð skulu með gagnkvæmum samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skal ákvæðum 4. málsgreinar 7. greinar, 2. og 3. málsgreinar 8. greinar, 1. og 4. málsgreinar 9. greinar, 11. greinar, 12. greinar, 14. greinar og 3. málsgreinar 18. greinar þessarar amþykktar framfylgt af sérhverju aðildarríki frá því er samþykkt þessi gengur í gildi fyrir það aðildarríki.

3. Þeir gjörningar, sem nefndir eru í 1. málsgrein þessarar greinar skulu tilgreina sérstaklega:

a. þær greinar almannatrygginga sem þeir taka til, að teknu tilliti til kröfunnar um gagnkvæmi, sem um getur í 6. og 10. grein þessarar samþykktar; þegar hlutaðeigandi aðildarríki hafa í gildi löggjöf um þessar greinar, skulu þær að minnsta kosti taka til örorkubóta, ellibóta, eftirlifendabóta og lífeyris vegna atvinnuslysa og atvinnusjúkdóma, þar á meðal dánarbóta, svo og ef ekki leiðir annað af ákvæðum 1. málsgreinar 10. greinar þessarar samþykktar, læknishjálpar, sjúkrabóta, fæðingarbóta og bóta vegna atvinnuslysa og atvinnusjúkdóma annarra en lífeyris og dánarbóta;
b. þá flokka manna sem þeir taka til; í þessum flokkum skulu að minnsta kosti vera starfsmenn (þar á meðal á landamærum og árstíðar-starfsmenn eftir því sem við á) svo og skyldmenni þeirra og eftirlifendur, sem eru ríkisborgarar hlutaðeigandi aðildarríkja eða eru flóttamenn eða ríkisfangslausir menn búsettir í landi einhvers þessara ríkja;
c. reglur um endurgreiðslu veittra bóta og annarra útgjalda sem stofnun í einu aðildarríki hefur innt af hendi fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki nema svo hafi verið um samið að ekki komi til endurgreiðslu;
d. reglur til að komast hjá ótilhlýðilegri tvígreiðslu iðgjalda eða annarra skyldugreiðslna eða bóta.

II. KAFLI

Viðeigandi löggjöf.

5. gr.

1. Með gagnkvæmum samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja skal ákveða eftir hvaða löggjöf skuli farið varðandi þá menn sem samþykkt þesssi tekur til. Þetta skal gert til þess að forðast árekstra milli laga og óæskilegar afleiðingar sem þeim kynnu að fylgja fyrir hlutaðeigendur annað hvort sem skert tryggingaréttindi eða ótilhlýðilegar tvígreiðslur iðgjalda, annarra gjalda eða bóta svo og í samræmi við eftirfarandi reglur:

a. starfsmenn sem venjulega eru í starfi í landi aðildarríkis skulu vera háðir löggjöf þess ríkis jafnvel þótt þeir séu búsettir í landi annars aðildarríkis ellegar að fyrirtækið sem þeir starfa hjá sé skrásett eða atvinnurekandi þeirra sé búsettur í öðru aðildarríki;
b. menn sem vinna á eigin vegum og stunda störf sín í landi aðildarríkis skulu háðir löggjöf þess ríkis jafnvel þótt þeir séu búsettir í landi annars aðildarríkis;
c. starfsmenn og þeir sem vinna á eigin vegum á skipum sem sigla undir fána aðildarríkis skulu háðir löggjöf þess ríkis jafnvel þótt þeir séu búsettir í landi annars aðildarríkis ellegar að fyrirtækið sem þeir starfa hjá sé skrásett eða atvinnurekandinn sé búsettur í landi annars aðildarríkis;

d. menn sem ekki teljast til þess hluta þjóðarinnar sem er í arðbærum störfum skulu háðir löggjöf þess aðildarríkis sem þeir eru búsettir í að svo miklu leyti sem þeir eru ekki tryggðir samkvæmt stafliðum a-c í þessari grein.

2. Þrátt fyrir ákvæðin í stafliðunum a-c í 1. málsgrein þessarar greinar geta hlutaðeigandi aðildarríki samið um að tilteknir hópar manna, sér í lagi þeir sem á eigin vegum starfa, skuli háðir löggjöf þess aðildarríkis sem þeir eru búsettir í.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki geta með gagnkvæmum samningum ákveðið aðrar undantekningar frá reglunum í 1. málsgrein þessarar greinar í þágu hlutaðeigandi manna.

III. KAFLI

Viðhald réttinda, sem verið er að ávinna.

6. gr.

Að teknu tilliti til ákvæða í 3. málsgrein a-lið 4. greinar þessarar samþykktar skal sérhvert aðildarríki leitast við að taka með hverju öðru aðildarríki þátt í að koma á skipan til viðhalds réttindum sem verið er að ávinna að því er tekur til sérhvers þess þáttar almannatrygginga sem nefndur er í 1. málsgrein 2. greinar þessarar samþykktar og sérhvert þessara aðildarríkja hefur löggjöf um til hagsbóta fyrir menn sem háðir hafa verið löggjöf þessara aðildarríkja hverri á eftir annarri eða til skiptis.

7. gr.

1. Í þeirri skipan til viðhalds réttindum sem verið er að ávinna og um ræðir í 6. grein þessarar samþykktar skal kveðið á um að eftir því sem þörf krefur skuli leggja saman tímabil trygginga, starfs, atvinnustarfsemi eða búsetu eftir því sem við kann að eiga, sem uppfyllt hafa verið samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkja að því er varðar:

a. þátttöku í frjálsum tryggingum eða framhaldi tryggingar eftir geðþótta eftir því sem við á;

b. öflun, viðhald eða endurheimt réttinda og, eftir því sem við á, útreikning bóta.

2. Tímabil sem uppfyllt eru samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja samtímis skulu reiknast sem eitt tímabil.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu þegar þörf gerist ákvarða með gagnkvæmum samningum sérstakar reglur um að leggja saman tímabil sem eru ólík í eðli sínu og tímabil sem gefa rétt til bóta samkvæmt sérstökum tryggingakerfum.

4. Þegar maður hefur uppfyllt tímabil samkvæmt löggjöf þriggja eða fleiri aðildarríkja sem eru aðilar að mismunandi tvíhliða eða fjölhliða gjörningum, þá skal hvert það ríki sem bundið er af tveim eða fleiri þessara umræddu gjörninga samtímis leggja þessi tímabil saman, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samræmi við ákvæði þessara gjörninga með tilliti til öflunar viðhalds eða endurheimt bótaréttar.

8. gr.

1. Í þeirri skipan til viðhalds réttindum sem verið er að ávinna, sem um getur í 6. grein þessarar samþykktar, skal ákveða reglu um veitingu:

a. örorku- elli- og eftirlifendabóta, og

b. lífeyris vegna atvinnusjúkdóma,

svo og skiptingu áfallins kostnaðar þar sem það á við.

2. Í því tilviki, sem nefnt er í 4. málsgrein 7. greinar þessarar samþykktar, skal hvert það aðildarríki, sem bundið er af tveim eða fleiri viðkomandi samningum samtímis, beita ákvæðum þeirra gjörninga í því skyni að reikna út bætur sem réttur er til samkvæmt lögum þess með tilliti til samanlagðra tímabila í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkja.

3. Þegar beiting ákvæða 2. málsgreinar þessarar greinar mundi leiða til þess að aðildarríki yrði að veita sams konar bætur til sama manns samkvæmt tveim eða fleiri tvíhliða eða fjölhliða gjörningum þá skal aðildarríkjum aðeins skylt að veita þær bætur sem hagstæðastar eru hlutaðeigandi manni þegar þessar bætur eru veittar í fyrsta sinn.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar geta hlutaðeigandi aðildarríki þegar nauðsyn krefur samið um viðbótarákvæði um útreikning bóta sem tilteknar eru í þeirri málsgrein.

IV. KAFLI
Viðhald áunninna réttinda og veiting bóta erlendis.

9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja greiðslu örorku- elli- og eftirlifendabóta í reiðufé, lífeyris vegna atvinnuslysa og dánarbóta, sem menn hafa öðlast rétt til samkvæmt lögum þess, til bótaþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkis, flóttamenn eða ríkisfangslausir, án tillits til þess hvar þeir eru búsettir, í samræmi við ráðstafanir í þessu skyni, sem gerðar eru þar sem þörf gerist með samningum milli aðildarríkja eða við hlutaðeigandi ríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar geta hlutaðeigandi aðildarríki, sem taka þátt í skipan til viðhalds réttinda sem verið er að ávinna og um getur í 6. grein þessarar samþykktar, samþykkt að tryggja veitingu bóta sem nefndar eru í nefndri málsgrein til bótaþega búsettra í öðru aðildarríki en því sem hlut á að máli innan ramma tvíhliða eða fjölhliða samninga sem nefndir eru í 1. málsgrein 4. greinar þessarar samþykktar.

3. Að auki og þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar, skulu hlutaðeigandi aðildarríki ákveða með gagnkvæmum samningi skilyrði til þess að iðgjaldsfríar bætur séu tryggðar bótaþegum sem búsettir eru í aðildarríki öðru en því sem hlut á að máli.

4. Ekki þarf að láta reglurnar í 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar taka til:

a. sérstakra iðgjaldsfrírra bóta sem veittar eru sem félagsleg aðstoð eða þegar þörf krefur,
b. bóta sem veittar eru um stundar sakir.

10. gr.

1. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leitast við að taka þátt í skipan til viðhalds réttindum sem fengist hafa samkvæmt löggjöf þeirra og taka tillit til ákvæða III. kafla þessarar samþykktar að því er varðar sérhverja þá eftirtalda grein almannatrygginga sem hvert þessara aðildarríkja hefur löggjöf um: læknishjálp, sjúkrabætur, fæðingarbætur og bætur vegna atvinnuslysa aðrar en lífeyri og dánarbætur. Þessi skipan skal tryggja slíkar bætur til handa mönnum sem búsettir eru að staðaldri eða um stundarsakir í einhverju þessara aðildarríkja öðru en hlutaðeigandi ríki, með þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem ákveðin eru með gagnkvæmum samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Þegar gagkvæmi það sem krafist er í 1. málsgrein þessarar greinar er ekki tryggt með gildandi löggjöf má tryggja það með ráðstöfunum sem aðildarríki gerir til þess að tryggja bætur er svari til þeirra bóta sem veittar eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, enda sé það samþykkt af því ríki.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leitast við að taka þátt í skipan til viðhalds réttindum áunnum samkvæmt löggjöf þeirra og sé tekið tillit til ákvæða III. kafla þessarar samþykktar að því er varðar sérhverja eftirtalinna greina almannatrygginga sem hvert þessara ríkja hefur löggjöf um: atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur, svo og styrkur til endurhæfingar þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar 9. greinar þessarar samþykktar og 1. málsgreinar þessarar greinar. Þessar skipanir skulu tryggja slíkar bætur til handa mönnum búsettum í landi einhvers þessara ríkja öðru en hlutaðeigandi ríki með skilyrðum og innan þeirra marka sem ákveðin eru með gagnkvæmum samningum hlutaðeigandi ríkja.

11. gr.

Reglurnar um ákvörðun bóta, sem veittar eru samkvæmt löggjöf aðildarríkis skulu gilda um bætur greiddar samkvæmt þeirri löggjöf eftir ákvæðum þessarar samþykktar.

V. KAFLI
Aðstoð stjórnvalda og aðstoð við fólk sem þessi samþykkt tekur til.

12. gr.

1. Stjórnvöld og stofnanir aðildarríkja skulu veita hverjar öðrum aðstoð til þess að auðvelda framkvæmd þessarar samþykktar og viðeigandi löggjafar þeirra.

2. Yfirleitt skal stjórnarfarsleg aðstoð sem þessi stjórnvöld og stofnanir veita sín á milli, vera ókeypis. Aðildarríki geta samið um endurgreiðslu tiltekins kostnaðar.

3. Stjórnvöld, stofnanir og dómstólar aðildarríkis geta ekki hafnað kröfum eða öðrum skjölum, sem beint er til þeirra, vegna þess að þau eru rituð á opinberu tungumáli annars aðildarríkis.

13. gr.

1. Þegar umsækjandi er búsettur í öðru aðildarríki en því, sem í hlut á, getur hann á fullgildan hátt framvísað umsókn sinni til stofnunarinnar þar sem hann er búsettur en hún skal framsenda umsóknina til stofnunar eða stofnana sem vísað er til í umsókninni.

2. Sérhver umsókn, yfirlýsing eða áfrýjun sem samkvæmt löggjöf aðildarríkis ætti að afhenda stjórnvaldi, stofnun eða dómstól þess ríkis innan tiltekins tíma, skal tekin gild ef hún er innan þess tíma afhent stjórnvaldi, stofnun eða dómstóli í öðru aðildarríki þar sem umsækjandi er búsettur. Í slíkum tilvikum skal það stjórnvald, stofnun eða dómstóll, sem tekur við umsókninni, yfirlýsingunni eða áfrýjuninni framsenda hana tafarlaust til hlutaðeigandi stjórnvalds, stofnunar eða dómstóls í fyrrnefnda aðildarríkinu. Dagsetning afhendingar umsóknar, yfirlýsingar eða áfrýjunar til stjórnvalds, stofnunar eða dómstóls síðarnefnda aðildarríkisins skal talin dagsetning afhendingar til þess stjórnvalds, stofnunar eða dómstóls sem um málið ber að fjalla.

3. Bætur sem aðildarríki veitir bótaþega búsettum, eða búsettum um stundar sakir í landi annars aðildarríkis má veita annaðhvort beint frá stofnuninni sem þær ber að greiða eða fyrir milligöngu stofnunar, sem síðarnefnda aðildarríkið ákveður, á staðnum þar sem bótaþegi er búsettur, eða búsettur um stundarsakir, samkvæmt samningi hlutaðeigandi aðildarríkja.

14. gr.

Sérhvert aðildarríki skal stuðla að þróun félagslegrar þjónustu til aðstoðar fólki sem samþykkt þessi tekur til, einkum farandverkafólki, í samskiptum þess við stjórnvöld, stofnanir og dómstóla, sér í lagi varðandi veitingu og móttöku bóta sem það á rétt á, svo og nýtingu áfrýjunarréttar þess og ennfremur til þess að stuðla að velferð þess sjálfs og fjölskyldna þess.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Að undanskildum örorku- elli- og eftirlifendabótum og bótum vegna atvinnusjúkdóma þegar kostnaður vegna þeirra skiptist milli tveggja eða fleiri aðildarríkja skal þessi samþykkt ekki hafa í för með sér veitingu eða viðhald fleiri bóta sama eðlis sem byggjast á sömu tímabilum skyldutrygginga, starfs, atvinnustarfsemi eða búsetu.

16. gr.

1. Veittar bætur og annan kostnað sem stofnun í aðildarríki hefur greitt fyrir hönd stofnunar annars aðildarríkis skal endurgreiða í samræmi við reglur sem ákveðnar eru með gagnkvæmum samningum milli þessara aðildarríkja, nema þau hafi orðið ásátt um að ekki skuli koma til neinnar endurgreiðslu.

2. Yfirfærsla fjárhæða vegna framkvæmdar þessarar samþykktar skal framkvæmd ef þörf krefur í samræmi við samning milli hlutaðeigandi aðildarríkja sem í gildi er þegar yfirfærsla fer fram. Ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi skulu þau koma sér saman um nauðsynlegar ráðstafanir.

17. gr.

1. Aðildarríki geta vikið frá ákvæðum þessarar samþykktar með sérstakri skipan mála innan ramma tvíhliða eða fjölhliða gjörninga milli tveggja þeirra eða fleiri, með því skilyrði að þeir hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur annarra aðildarríkja og staðfesti viðhald réttinda samkvæmt reglum sem í heild séu a. m. k. eins hagstæðar og reglur þessarar samþykktar.

2. Aðildarríki skal talið fullnægja ákvæðum 1. málsgreinar 9. greinar og 11. greinar þessarar samþykktar:

a. ef það ábyrgist við fullgildingu veitingu viðeigandi bóta í verulegum mæli samkvæmt löggjöf þess til allra bótaþega án tillits til ríkisfangs og hvar þeir eru búsettir; og
b. ef það framfylgir ákvæðum 1. málsgreinar 9. greinar og 11. greinar þessarar samþykktar innan ramma þeirra tvíhliða eða fjölhliða gjörninga sem um getur í 1. málsgrein 4. greinar þessarar samþykktar.

3. Hvert það aildarríki, sem hefur hagnýtt sér ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skýra frá því:

a. að ástæður til þess séu enn fyrir hendi; eða
b. að það afsali sér rétti til að hagnýta sér ákvæði fyrrnefndrar málsgreinar þessarar greinar frá tilteknum degi.

VII. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði og lokaákvæði.

18. gr.

1. Þessi samþykkt veitir engan rétt til bóta vegna tímabils fyrir þann tíma er hún öðlast gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Í sambandi við beitingu ákvæða þessarar samþykktar skulu öll tryggingatímabil og öll tímabil starfs, atvinnustarfsemi eða búsetu, sem uppfyllt eru samkvæmt löggjöf aðildarríkis áður en skipan um viðhald réttinda sem verið er að ávinna, sem um getur í 6. grein þessarar samþykktar, gengur í gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki, tekin til greina við ákvörðun um það hvort réttur myndast samkvæmt þeirri skipan við gildistöku hennar. Um þetta má setja sérstakar reglur með samningum hlutaðeigandi aðildarríkja ef nauðsyn krefur.

3. Sérhverjar þær bætur sem um getur í 1. málsgrein 9. greinar þessarar samþykktar sem ekki hafa verið veittar eða hætt hefur verið að veita vegna búsetu bótaþegans annars staðar en í hlutaðeigandi ríki, skulu veittar að beiðni hlutaðeigandi manns frá gildistöku þessarar samþykktar í síðarnefndu ríkinu, eða frá gildistöku hennar í ríkinu sem hann er ríkisborgari í, hvort sem síðar verður, nema hlutaðeigandi maður hefði áður fengið eingreiðslu í staðinn fyrir þessar bætur. Ákvæðum í löggjöf hlutaðeigandi ríkis um niðurfellingu réttar skal ekki beitt gegn hlutaðeigandi manni ef hann ber fram kröfu sína innan tveggja ára frá nefndum tíma eða frá gildistöku þeirrar skipunar sem um getur í 1. málsgrein 9. greinar eftir því sem við á.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu með gagnkvæmum samningi ákveða að hve miklu leyti skipan um viðhald réttinda sem verið er að ávinna og um getur í 6. grein þessarar samþykktar, gildir um tryggingaatburð sem skeður fyrir gildistöku þeirrar skipunar hjá þessum aðildarríkjum.

19. gr.

1. Uppsögn aðildarríkis á þessari samþykkt skal ekki hafa áhrif á skyldur aðildarríkis vegna tryggingaatburðar sem skeður fyrir gildistöku uppsagnar.

2. Réttindi sem verið er að ávinna og viðhaldið er samkvæmt þessari samþykkt skulu ekki falla niður vegna uppsagnar aðildarríkis á þessari samþykkt. Um framhald viðhalds þessara réttinda eftir að þessi samþykkt fellur úr gildi skal ákveða með þeim tvíhliða eða fjölhliða gjörningum um almannatryggingar sem aðildarríkið hefur gert eða með löggjöf þess ríkis ef slíkur gjörningur er ekki fyrir hendi.

20. gr.

1. Þessi samþykkt breytir Samþykktinni um viðhald tryggingaréttinda erlendra starfsmanna, 1935, með þeim skilyrðum sem greinir í eftirfarandi málsgreinum þessarar greinar.

2. Gildistaka þessarar samþykktar að því er tekur til hvers þess aðildarríkis, sem bundið er af skyldum samþykktarinnar um viðhald tryggingaréttinda erlendra starfsmanna, 1935, skal ekki ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar.

3. Samþykktin um viðhald tryggingaréttinda erlendra starfsmanna, 1935, skal ekki lengur gilda um samskipti aðildarríkja, sem eru aðilar að henni, eftir að gengin er í gildi skipan um viðhald réttinda sem verið er að ávinna í samræmi við 6. grein þessarar samþykktar.

21. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

22. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

23. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

24. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

25. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

26. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

27. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 23. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

28. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 68. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1982 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

gefur gaum að núverandi reglum í Tillögu frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda, og

gefur gaum að því að síðan Tillagan frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda var gerð hefur orðið veruleg framþróun í lögum og framkvæmdaháttum margra aðildarríkja varðandi þau efni sem tillagan fjallar um, og

telur að vegna þessarar framþróunar sé tímabært að setja nýjar alþjóðlegar reglur um efnið, sér í lagi með tilliti til hinna alvarlegu vandamála á þessu sviði sem eru afleiðing efnahagslegra erfiðleika og tæknilegra nýjunga sem fram hafa komið á síðari árum í mörgum löndum,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag 22. júní 1982 eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um uppsögn starfs, 1982:

I. KAFLI

Framkvæmdahættir, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgja með lögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem það er ekki gert á annan hátt með kjarasamningum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum hætti sem er í samræmi við venju í landinu.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks.
2. Aðildarríki getur undanskilið eftirtalda flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum þessarar samþykktar:
   a. launafólk sem ráðið er til starfa um tiltekinn tíma eða til ákveðins verkefnis;
   b. launafólk sem er í starfi til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrirfram og er hæfilega langur;
   c. launafólk sem ráðið er tilfallandi um skamman tíma.
3. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn því að tímabundin ráðning sé gerð til þess að sniðganga þá vernd sem leiðir af þessari samþykkt.
4. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar samþykktar eða tilteknum ákvæðum hennar flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt.
5. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru til getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar samþykktar eða tilteknum ákvæðum hennar aðra takmarkaða hópa launafólks er í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu.
6. Hvert það aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslunni um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skrá þá hópa sem það kann að hafa undanskilið í samræmi við 4. og 5. málsgrein þessarar greinar og gera grein fyrir ástæðum til þess. Í síðari skýrslum skal það gera grein fyrir því hvernig háttað er lögum þess og framkvæmd varðandi þessa undanskildu hópa og að hve miklu leyti samþykktinni er framfylgt eða fyrirhugað er að framfylgja henni að því er tekur til þessara hópa.

3. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar merkir hugtakið „uppsögn“ eða „uppsögn starfs“ uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. KAFLI

Reglur um almenna framkvæmd.

A-hluti. Réttlæting uppsagnar.

4. gr.

Eigi skal starfsmanni sagt upp starfi nema til uppsagnar sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún sé byggð á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar.

5. gr.

Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem ekki teljast gildar ástæður til uppsagnar:

a. aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;
b. að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur;
c. að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða reglugerðum eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds;
d. kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni;
e. fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi.

6. gr.

1. Fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skal ekki talin gild ástæða til uppsagnar.

2. Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar skal ákvarða hvað sé fjarvist frá starfi um stundarsakir, í hve ríkum mæli skuli krefjast læknisvottorðs og hugsanlegar takmarkanir á beitingu 1. málsgreinar þessarar greinar.

B-hluti. Atferli fyrir eða við uppsögn.

7. gr.

Ekki skal segja starfsmanni upp starfi vegna hegðunar hans eða afkasta án þess að honum sé fyrst gefinn kostur á að verja sig gegn þeim aðfinnslum sem fram eru bornar, nema ekki sé með sanngirni unnt að vænta þess að atvinnurekandinn gefi kost á því.

C.-hluti. Áfrýjun uppsagnar.

8. gr.

1. Starfsmaður sem telur sér hafa verið sagt upp starfi með óréttmætum hætti skal eiga rétt á því að áfrýja uppsögninni til hlutlauss aðila svo sem dóms, vinnudóms, gerðardóms eða gerðardómara.

2. Þegar uppsögn hefur verið viðurkennd af hlutaðeigandi stjórnvaldi má víkja frá framkvæmd 1. málsgreinar þessarar greinar í samræmi við lög og venju.

3. Telja má starfsmann hafa afsalað sér réttinum til áfrýjunar uppsagnar starfs ef hann hefur ekki hagnýtt sér þann rétt innan hæfilegs tíma frá uppsögn.

9. gr.

1. Þeir aðilar, sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar, skulu hafa umboð til þess að kanna þær ástæður til uppsagnar sem fram eru bornar og önnur atriði er málið varða, svo og að skera úr um réttmæti uppsagnar.

2. Til þess að koma í veg fyrir að sönnunarbyrði þess að uppsögn hafi verið óréttmæt hvíli eingöngu á starfsmanni skal með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar sjá til þess að annarhvor eða báðir eftirtaldir kostir séu fyrir hendi:

a. Sönnunarbyrði þess að fyrir liggi gild ástæða til uppsagnar, svo sem hún er skilgreind í 4. grein þessarar samþykktar, hvíli á atvinnurekandanum;
b. Þeir aðilar, sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar, skulu hafa umboð til þess að taka afstöðu til ástæðu fyrir uppsögn með tilliti til þeirra gagna sem aðilar hafa lagt fram og í samræmi við þær aðferðir sem lög og venja gera ráð fyrir.

3. Þegar um er að ræða uppsögn sem sögð er vera af rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar, skulu þeir aðilar sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar hafa umboð til þess að ákvarða hvort uppsögn byggðist í raun og veru á þessum ástæðum. En að hve miklu leyti þeir hafa vald til þess að ákvarða hvort þessar ástæður nægja til að réttlæta þá uppsögn, skal ákveðið með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar.

10. gr.

Ef aðilar þeir sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar telja uppsögn óréttmæta, og ef þeir hafa ekki vald til þess eða telja ekki gerlegt í samræmi við landslög og venju að lýsa uppsögnina ógilda og/eða fyrirskipa eða leggja til endurráðningu starfsmannsins, skulu þeir hafa vald til þess að ákvarða greiðslu hæfilegra bóta eða aðra aðstoð sem kann að teljast eðlileg.

D-hluti. Uppsagnarfrestur.

11. gr.

Starfsmaður sem sagt er upp starfi skal eiga rétt á hæfilegum uppsagnarfresti eða bótum í hans stað, nema hann sé sekur um alvarlega yfirsjón, það er að segja yfirsjón þess eðlis að ósanngjarnt væri að krefjast þess að atvinnurekandinn hafi hann áfram í vinnu meðan uppsagnarfrestur varir.

E. hluti. Bætur vegna atvinnumissis og önnur tekjutrygging.

12. gr.

1. Í samræmi við landslög og venju skal maður sem sagt hefur verið upp starfi eiga rétt á:

a. bótum vegna atvinnumissis eða öðrum styrkjum vegna ráðningarslita. Fjárhæð þeirra skal m. a. miðast við starfstíma og launaflokk og skulu þær greiddar af atvinnurekanda sjálfum eða sjóði sem myndaður er af framlögum atvinnurekenda; eða
b. bótum frá atvinnuleysistryggingum eða aðstoð eða annars konar félagslegum tryggingum, svo sem elli- og örorkubótum með venjulegum skilyrðum sem slíkar bætur eru háðar; eða
c. slíkum bótum eða styrkjum sameiginlega.

2. Starfsmanni sem ekki uppfyllir skilyrði til atvinnuleysistryggingar eða aðstoðar frá almennu tryggingakerfi þarf ekki að greiða neinar þær bætur eða styrki sem um ræðir í 1. málsgrein staflið a í þessari grein vegna þess einungis að hann fær ekki atvinnuleysisbætur samkvæmt 1. málsgrein staflið b.

3. Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar má setja ákvæði um missi réttar til þeirra bóta eða styrkja sem um getur í 1. málsgrein staflið a í þessari grein ef um er að ræða uppsögn vegna alvarlegrar yfirsjónar.

III. KAFLI
Viðbótarákvæði um uppsagnir starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum.

A-hluti. Samráð við trúnaðarmenn starfsfólks.

13. gr.

1. Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum skal hann:

a. með góðum fyrirvara gefa hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna viðeigandi upplýsingar þar á meðal ástæður fyrirhugaðra uppsagna, fjölda og flokka starfsmanna sem líklegt er að verði sagt upp og á hvaða tímabili gert er ráð fyrir að uppsagnir fari fram;

b. í samræmi við landslög og venju gefa hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna svo fljótt sem unnt er kost á viðræðum um ráðstafanir til þess að afstýra eða draga úr uppsögnum svo sem kostur er og um aðgerðir til þess að draga úr skaðlegum afleiðingum uppsagna á hlutaðeigandi starfsmenn, svo sem með því að finna þeim önnur störf.

2. Með þeim aðferðum sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar má takmarka möguleikann til að beita 1. málsgrein þessarar greinar við þau tilvik er fjöldi þeirra starfsmanna, sem fyrirhugað er að segja upp, er a. m. k. tiltekin tala eða hundraðshluti starfsliðsins.

3. Í þessari grein merkir hugtakið „hlutaðeigandi trúnaðarmenn starfsmanna“ þá trúnaðarmenn starfsmanna sem viðurkenndir eru sem slíkir samkvæmt landslögum og venju og samkvæmt samþykktinni um fulltrúa starfsfólks frá 1971.

B-hluti. Tilkynning til hlutaðeigandi stjórnvalds.

14. gr.

1. Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum skal hann í samræmi við lög og venju tilkynna það hlutaðeigandi stjórnvaldi svo fljótt sem kostur er og gefa viðeigandi upplýsingar þar á meðal skriflega yfirlýsingu um ástæður uppsagna, fjölda og flokka starfsmanna sem líklegt er að verði fyrir uppsögn og á hvaða tímabili ætlunin er að uppsagnir fari fram.

2. Með landslögum eða reglugerðum má takmarka beitingu 1. málsgreinar þessarar greinar við það að fjöldi þeirra starfsmanna sem fyrirhugað er að segja upp sé að minnsta kosti tiltekin tala eða hundraðshluti starfsliðsins.

3. Atvinnurekandinn skal tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi uppsagnir þær sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar með ákveðnum fyrirvara áður en til uppsagnar kemur. Sá fyrirvari skal ákvarðaður í landslögum eða reglugerðum.

IV KAFLI
Lokaákvæði.

15. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

16. gr.

1. Þessi samþykkt er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrásetja fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi 12 mánuðum eftir að forstjórinn hefur skrásett fullgildingar tveggja aðildarríkja.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

17. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa og notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

18. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

19. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina

20. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar í heild eða að hluta.

21. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 17. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt er gengin í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

22. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 166 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 68. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1982 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykktinni um uppsögn starfs, 1982, gerir það í dag 22. júní 1982 eftirfarrandi tillögu, sem nefnist Tillaga um uppsögn starfs, 1982:

I. Framkvæmdahættir, gildissvið og skilgreiningar.

1. Ákvæðum þessarar tillögu má framfylgja með landslögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum hætti sem er í samræmi við landsvenju eftir því sem hentar aðstæðum í landinu.

2. (1) Tillaga þessi tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks.

(2) Aðildarríki getur undanskilið eftirtalda flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum þessarar tillögu:

a. launafólk sem ráðið er til starfa um tiltekinn tíma eða til ákveðins verkefnis;
b. launafólk sem er í starfi til reynslu eða þjálfunar um tíma, sem ákveðinn er fyrirfram og er hæfilega langur;
c. launafólk sem ráðið er tilfallandi um skamman tíma.

(3) Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar tillögu, eða tilteknum ákvæðum hennar, flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er samkvæmt þessari tillögu.

(4) Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar tillögu eða tilteknum ákvæðum hennar aðra takmarkaða hópa launafólks er í ljós kemur að framkvæmdin er sérstökum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu.

3. (1) Gera ætti viðeigandi ráðstafanir gegn því að tímabundin ráðning sé gerð til þess að sniðganga þá vernd sem leiðir af Samþykktinni um uppsögn starfs, 1982 og þessari tillögu.

(2) Í þessu skyni mætti til dæmis beita einni eða fleirum eftirtalinna aðferða:

a. að takmarka notkun tímabundinna samninga við þau tilvik er ráðningin getur ekki varað um ótiltekinn tíma vegna eðlis starfsins eða aðstæðna við framkvæmd þess eða vegna hagsmuna starfsmannsins;
b. að telja tímabundna samninga aðra en þá, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, vera ótímabundna;
c. að telja tímabundna samninga sem framlengdir eru einu sinni eða oftar, vera ótímabundna ráðningarsamninga, að undanskildum þeim tilvikum sem greinir í a-lið þessarar málsgreinar.

4. Að því er tekur til þessarar tillögu merkið hugtakið „uppsögn“ eða „uppsögn starfs“ uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. Reglur um almenna framkvæmd.

Réttlæting uppsagnar.

5. Auk þeirra ástæðna, sem nefndar eru í 5. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, ættu eftirtalin atriði ekki að teljast gildar ástæður til uppsagnar:

a. aldur, með fyrirvara um starfslok vegna aldurs samkvæmt landslögum eða venju;
b. fjarvist frá starfi vegna herskyldu eða annarrar þegnskyldu samkvæmt landslögum eða venju.

6. (1) Fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa ætti ekki að vera gild ástæða til uppsagnar.

Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar tillögu ætti að ákvarða hvað sé fjarvist frá starfi um stundarsakir, í hve ríkum mæli ætti að krefjast læknisvottorðs og hugsanlegar takmarkanir á beitingu málsgreinar (1) í þessari grein.

Atferli fyrir eða við uppsögn.

7. Ekki ætti að segja manni upp starfi vegna yfirsjónar, sem samkvæmt landslögum eða venju mundi því aðeins réttlæta uppsögn að hún hefði endurtekið sig einu sinni eða oftar, nema atvinnurekandinn hafi gefið starfsmanninum viðeigandi skriflega aðvörun.

8. Ekki ætti að segja manni upp starfi vegna ófullnægjandi afkasta nema atvinnurekandinn hafi veitt honum viðeigandi fyrirmæli og skriflega aðvörun og starfsmaðurinn haldi áfram að sinna skyldum sínum á ófullnægjandi hátt eftir að liðinn er hæfilegur tími til úrbóta.

9. Starfsmaður ætti að eiga rétt á aðstoð annars manns þegar hann þarf að verja sig í samræmi við 7. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, gegn ásökun um atferli eða afköst, sem leitt geta til uppsagnar. Þennan rétt mætti ákvarða nánar með þeim hætti sem um ræðir í 1. grein þessarar tillögu.

10. Líta ber svo á að atvinnurekandinn hafi glatað rétti sínum til þess að segja manni upp starfi vegna yfirsjónar ef honum hefur láðst að gera það innan hæfilegs tíma frá því er honum varð kunnugt um yfirsjónina.

11. Atvinnurekandinn getur ráðfært sig við trúnaðarmenn starfsmanna áður en endanleg ákvörðun er tekin um einstakar uppsagnir starfa.

12. Atvinnurekandinn ætti að tilkynna starfsmanni skriflega ákvörðun um uppsögn starfs.

13. (1) Starfsmaður sem fengið hefur tilkynningu um uppsögn, eða hefur verið látinn hætta störfum, ætti að eiga rétt á því að fá eftir ósk sinni skriflega yfirlýsingu frá atvinnurekanda sínum um ástæðu eða ástæður fyrir uppsögninni.

(2) Málsgrein (1) í þessari grein þarf ekki að framfylgja þegar um er að ræða fjöldauppsögn af ástæðum sem greinir í 13. og 14. gr. Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, ef fylgt er þeirri reglu sem þar greinir.

Áfrýjun uppsagnar.

14. Gera má ráðstafanir um sáttaumleitanir áður en til áfrýjunarmáls kemur eða meðan það er til umfjöllunar.

15. Stjórnvöld, trúnaðarmenn launafólks og stéttarfélög ættu að leggja áherslu á að launafólki séu rækilega kynntir möguleikar sem það hefur til áfrýjunar.

Fjarvistir á uppsagnarfresti.

16. Á uppsagnarfresti þeim sem um getur í 11. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs 1982, ætti starfsmaðurinn að eiga rétt á hæfilegum frítíma án skerðingar launa til þess að leita sér annars starfs á þeim tíma sem hentar báðum aðilum.

Starfsvottorð.

17. Starfsmaður sem hefur verið sagt upp starfi ætti að eiga rétt á að fá samkvæmt beiðni vottorð frá atvinnurekandanum sem einungis greini hvenær starf hans hófst og hvenær því lauk svo og hvers konar störf hann vann. Að beiðni starfsmannsins má þó í þessu vottorði eða sérstöku vottorði gefa umsögn um framferði hans og hvernig hann hefur leyst störf sín af hendi.

Bætur vegna atvinnumissis og önnur tekjutrygging.

18. (1) Í samræmi við landslög og venju ætti maður sem sagt hefur verið upp starfi að eiga rétt á:

a. bótum vegna atvinnumissis eða öðrum styrkjum vegna ráðningarslita. Fjárhæð þeirra ætti m. a. að miðast við starfstíma og launaflokk og skulu þær greiddar af atvinnurekanda sjálfum eða sjóði sem myndaður er af framlögum atvinnurekenda; eða
b. bótum frá atvinnuleysistryggingum eða aðstoð eða annars konar félagslegum tryggingum svo sem elli- og örorkubótum með venjulegum skilyrðum sem slíkar bætur eru háðar; eða
c. slíkum bótum eða styrkjum sameiginlega.

(2) Starfsmanni, sem ekki uppfyllir skilyrði til atvinnuleysistryggingar eða aðstoðar frá almennu tryggingakerfi, þarf ekki að greiða neinar þær bætur eða styrki sem um ræðir í lið (1) a í þessari grein vegna þess einungis að hann fær ekki atvinnuleysisbætur samkvæmt lið (1) b.

(3) Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar tillögu má setja ákvæði um missi réttar til þeirra bóta eða styrkja sem um getur í lið (1) a þessarar greinar ef um er að ræða uppsögn vegna alvarlegrar yfirsjónar.

III. Viðbótarákvæði um uppsagnir starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum.

19. (1) Allir þeir, sem hlut eiga að máli, ættu svo sem unnt er að leitast við að afstýra eða draga úr uppsögnum starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, án þess að skaða virka starfsemi fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar, svo og að draga úr skaðlegum afleiðingum slíkra uppsagna fyrir hlutaðeigandi starfsmann eða starfsmenn.

(2) Þar sem það á við ætti hlutaðeigandi stjórnvald að aðstoða aðila við að leysa vandamál í sambandi við fyrirhugaðar uppsagnir.

Samráð um meiri háttar breytingar í fyrirtæki.

20. (1) Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju að gera meiri háttar breytingar á framleiðslu, áætlunum, skipulagi, uppbyggingu eða tækni, sem líklegar eru til að hafa í för með sér uppsagnir, ætti atvinnurekandinn að hafa samráð við hlutaðeigandi trúnaðarmenn starfsmanna svo fljótt sem unnt er, m. a. um slíkar breytingar, áhrif sem þær eru líklegar til að hafa og ráðstafanir til þess að afstýra eða draga úr skaðlegum áhrifum slíkra breytinga.

(2) Til þess að gera hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna fært að taka virkan þátt í þeim samráðum sem nefnd eru í málsgrein (1) í þessari grein, ætti atvinnurekandinn að láta þeim tímanlega í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar og þau áhrif sem þær eru líklegar til að hafa.

(3) Með „hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna" er í þessari grein átt við þá trúnaðarmenn starfsmanna sem viðurkenndir eru samkvæmt landslögum eða venju í samræmi við Samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna, 1971.

Ráðstafanir til að afstýra eða draga úr uppsögnum.

21. Ráðstafanir þær sem hugleiða ætti í því skyni að afstýra eða draga úr uppsögnum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, gætu m. a. verið fólgnar í takmörkun ráðninga, dreifingu uppsagna á tiltekið tímabil til þess að eðlileg fækkun starfsliðs geti átt sér stað, tilflutningi innan fyrirtækisins, þjálfun og endurþjálfun, að menn af frjálsum vilja hætti störfum fyrir tíma með hæfilegri tekjutryggingu, takmörkun yfirvinnu og styttingu reglulegs vinnutíma.

22. Þegar talið er að stytting reglulegs vinnutíma um stundarsakir mundi sennilega afstýra eða draga úr uppsögnum vegna tilfallandi efnahagsörðugleika, ætti að taka til athugunar að bæta að nokkru tekjumissi vegna þessarar styttingar reglulegs vinnutíma. Bæturnar ætti að fjármagna með viðeigandi hætti samkvæmt landslögum og venju.

Röðun uppsagna.

23. (1) Val atvinnurekandans á starfsmönnum sem segja skal upp störfum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, ætti að fara eftir reglum sem settar eru fyrirfram. Í þeim ætti að taka viðeigandi tillit bæði til hagsmuna fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar og hagsmuna starfsmannanna.

(2) Þessar reglur, röðun samkvæmt þeim og þýðingu þeirra ætti að ákvarða með þeim aðferðum sem um getur í 1. grein þessarar tillögu.

Forgangsréttur til endurráðningar.

24. (1) Starfsmenn sem hefur verið sagt upp störfum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ættu að fá vissan forgang til endurráðningar ef atvinnurekandinn ræður á ný starfsmenn með sambærilega hæfni enda hafi þeir innan tiltekins tíma frá því er þeir létu af starfi látið í ljós ósk um endurráðningu.

(2) Þess háttar forgangsrétt til endurráðningar mætti takmarka við ákveðið tímabil.

(3) Með þeim hætti sem um ræðir í 1. grein þessarar tillögu ætti að ákvarða reglurnar um forgangsrétt til endurráðningar, um viðhald réttinda — sér í lagi réttinda vegna starfsaldurs — í sambandi við endurráðningu svo og skilyrði um laun endurráðinna starfsmanna.

Að draga úr afleiðingum uppsagna.

25. (1) Þegar sagt er upp starfi af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ætti hlutaðeigandi stjórnvald í samvinnu við atvinnurekandann og hlutaðeigandi trúnaðarmenn launafólks þar sem því verður við komið og með aðferðum sem hæfa aðstæðum í landinu að stuðla að ráðningu hlutaðeigandi starfsmanna í önnur störf við þeirra hæfi svo fljótt sem unnt er með þjálfun eða endurþjálfun.

(2) Þegar mögulegt er ætti atvinnurekandinn að aðstoða hlutaðeigandi starfsmenn við leit að öðrum störfum við þeirra hæfi til dæmis með því að hafa beint samband við aðra atvinnurekendur.

(3) Taka má tillit til Samþykktar og Tillögu frá 1975 um þróun vinnuafls þegar hlutaðeigandi starfsmönnum er veitt aðstoð við að fá annað starf við sitt hæfi, þjálfun eða endurþjálfun.

26. (1) Með það fyrir augum að draga úr skaðlegum afleiðingum uppsagna starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ætti að taka til athugunar að koma á tekjutryggingu meðan þjálfun eða endurþjálfun fer fram, svo og endurgreiðslu að einhverju leyti eða öllu leyti á kostnaði við þjálfun eða endurþjálfun svo og kostnaði við að útvega sér og hefja starf sem krefst búferlaflutnings.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að taka til athugunar að veita fjármagn til þess að styrkja að nokkru eða fullu þær aðgerðir sem um getur í málsgrein (1) í þessari grein í samræmi við landslög og venju.

Áhrif á fyrri tillögur.

27. Þessi Tillaga og Samþykkt um uppsögn starfs, 1982, leysa af hólmi Tillögu frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda.